

Land- og gólfhæð á lágsvæðum



Vegagerðin er umsagnaraðili um aðalskipulag og deiliskipulag á lágsvæðum við sjó þar sem hættu er á sjávarflóðum. Við umsagnir er litið til viðmiðanir Vegagerðarinnar um lágmarks land- og gólfhæðir, sem taka mið af jarðskorpuhreyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjustu upplýsingar.

Vegna breytinga á deiliskipulagi Kársneshafnar – Aðkomu að bakkabraut 9-23 vill Vegagerðin minna á það mat á lágmarkslandhæð sem hefur verið gert fyrir þetta og nærliggjandi svæði. Þar er tekið tillit til skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi og landhæðabreytinga mældum með Sentinel gervitunglum.

Fyrir almennt skipulag miða viðmiðunarreglurnar við 100 ára líftíma mannvirkja og skipulags. Þá er tekið mið af áætlaðri afstöðubreytingu lands og sjávar næstu 100 árin. Tekið er mið af flóðhæð sjávar með 100 ára endurkomutíma.

Síða 1/1

Meðfylgjandi tafla sýnir ákvörðun á lágmarks land- og gólfhæð miðað við 100 ára líftíma mannvirkja.

 Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir lágmarks land- og gólfhæð á lágsvæðum við strendur vegna jarðskorpuhreyfinga og sjávarstöðu hækkana næstu 100 árin	Vegagerðin 2024-05-31		
	Hafnarkerfi Kópavog HK (m)	Bæjarkerfi Kópavogs BK (m)	Landshæðakerfi ISH2004 (m)
Kópavogur, Kársnes - 100 ára líftími mannvirkja			
Hæðarpunktur			
Hæðarmismunur við Hafnarkerfi Kópavogs	0.00	-1.82	-2.27
Flóðhæð með 100 ára endurkomutíma	5.20	3.38	2.93
Sviðsm. SSP5-8.5, 83% óvissumörk-vísindanefnd 2023	1.01	1.01	1.01
Breytingar á landhæð umfram vísindanefnd	0.20	0.20	0.20
Lágmarks landhæð á lágsvæðum við strönd	6.41	4.59	4.14
Gólfhæð yfir lágmarks landhæð	0.30	0.30	0.30
Lágmarks gólfhæð á lágsvæðum við strönd	6.71	4.89	4.44

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

SNI-3205-1

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026